

Jólafundur Gammadeildar DKG á Zoom – 2. desember 2021

Ritari: Hrefna Sigurjónsdóttir

Jólafundur Gammadeildar fór fram í gegnum fjarfundabúnað Zoom annað árið í röð vegna aðstæðna í samfélaginu. Enn ein bylgjan og enn eitt veirufbrigðið settu strik í reikninginn og þorði stjórnin ekki öðru en að fara að öllu með gát í jólamánuðinum. Sem betur fer náðum við þó að hittast í eigin persónu síðustu tvö skipti þar á undan og því ekki sem verst að rifja upp fjarfundatæknina. Þótt vissulega sé alltaf skemmtilegra að hittast augliti til auglitis þá gera fjarfundirnir einhverjum kleift að taka þátt sem ekki komast á staðinn þannig allt hefur þetta sína kosti og galla.

Formaður hóf fundinn á að skála en Gammakonur voru með drykk að eigin vali og annað góðgæti. Því næst var kveikt á kertunum þremur og fundur settur. Því miður gátum við ekki verið heima hjá Gerði eins og til stóð en Gerður sagði að við værum alltaf velkomnar til hennar í sælureitinn við Elliðavatnið. Því næst var gert manntal en talsverð forföll voru vegna anna ýmiss konar og veikinda. Formaður færði viðstöddum margar kveðjur sem bárust frá þeim sem ekki komust, allar góðar og kærar. Átján konur mættu á fundinn.

Harpa Rún Kristjánsdóttir, var rithöfundur kvöldsins. Harpa fékk bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2019 fyrir ljóðabókina Edda sem var í raun fyrsta bók hennar. Harpa gaf út nýja bók fyrir jólin, bókina Kynslóð, en var annars með þrjár bækur og þýðingu á leikriti á árinu. Í september 2021 kom skáldsagan Kynslóð út. Harpa byrjaði á henni árið 2015, var nýbúin að klára BA próf í bókmenntafræði og ætlaði sér að fara að skrifa og verða rithöfundur. En svo fór hún að kenna og í meistaranám og áætlunin breyttist.

Bókin var til að byrja með undir miklum áhrifum af femínisma og sálgreiningu en upphaflega hugmyndin var að skrifa um unga konu sem þarf karlkyns útgáfu af sjálfri sér til að staðfesta sig, spegilmynd karlmannsins. En þegar Harpa tók upp þráðinn að nýju fannst henni þetta ægilega leiðinleg bók hjá sér. Þá var hún orðin fimm árum eldri og þroskaðri og ákvað að breyta bókinni. Bókin fjallar um mæðgur sem búa í sveit, sambönd þeirra við karlmenn og áskoranir og spurningar sem vakna í sveitinni eins og hver á að taka við búinu? Einnig vangaveltur um kyn, kynferði og kynhvötina og hvert hún leiðir okkur. Hörpu langaði að segja frá sveitinni innan frá. Íslenskar sveitasögur eru oft skrifaðar af fólki sem lítur til baka eða hefur verið í sveit en hefur ekki endilega búið þar. Harpa er hins vegar alin upp í sveit og hefur alltaf búið í sveit.

Harpa sagðist alltaf hafa lesið mikið bækur sem skrifaðar eru í töfraraunsæi eins og bækur Isabel Allende sem hún fór að lesa allt of ung, áður en hún gat skilið þær. Hún spurði: „Hvert er íslenska töfraraunsæið? Er það ekki að spá í bolla? Álfasögur o.s.frv.“ Hún reyndi því að skrifa inn hluti sem við trúum ekki alfarið en kannski smá. Hún sagði því að gott væri að hafa í huga að sumt væri bara lygi í þessari bók. Hana langaði að skilja lesandann eftir með spurningar og treysta lesandanum fyrir að draga sínar eigin ályktanir. Í bókinni er rætt um kynslóðir en líka kyn og hefur nafn bókarinnar, Kynslóð, vísan til þess. Á kápunni eru karl og kona sem renna saman í eitt.

Að sögn Hörpu er það ekki tilviljun að það eru tvær stórar persónur í þessari sögu sem heita Anna og Þóra. Móðir skáldsins og systur hennar lásu bækurnar hennar Guðrúnar frá Lundi og töluðu um persónurnar eins og lifandi persónur. Fólk hefur líkt Hörpu við Guðrúnu frá Lundi sem hún er stolt af og gleður hana ef fólk sér þá tengingu. Dalalíf er t.d. að hennar mati flókið og marglaga verk, með því betra frá þessum tíma.

„Er von á framhaldi?“ spurði Edda. Margir hafa spurt en svar Hörpu var: „Nei.“ Ef hún myndi fara aftur í þennan heim myndi hún vilja fara framar í söguna. Bakka og sjá hvað gerðist á undan. Skoða af hverju

Þessi eldri kynslóð er eins og hún er? Það er bara ein persóna í sögunni sem byggir 100% á einni raunverulegri persónu og sú persóna er hestur. Auðvitað vill fólk máta, en Harpa gerði það meðvitað að gera sögusviðið að sjávarþorpi af því hún býr inni í landi. Hún sagðist þó kannski ómeðvitað skrifa um sveitunga sína að einhverju leyti án þess að vita það.

Söguþráðurinn er þannig að Anna lendir í því að hún á kærasta sem er fullkominn – góður, fallegur, hugulsamur og allt. Hún hittir svo mann í vinnunni, Natan, sem speglar hana. Þau líkjast, hann líkir eftir hreyfingum hennar, hugsar það sama o.s.frv. Hörpu fannst áhugavert hvernig maður tengist stundum öðru fólki í huganum. Í ljóðabókinni Eddu er ljóðið Dennis úr fortíðinni. Einn daginn þegar frænka Hörpu lá inni á deild með heilabilun var hún sannfærð um að Dennis hefði komið og heimsótt sig og hún hefði verið svo fin með rauðan varalit. Dennis kom hins vegar ekki til hennar heldur heimsótti Gögggu systur hennar. Samt var eins og hún hefði upplifað það. Hvernig er það svo þegar einhver kemur, speglar þig og heilabrautum slær saman og þitt fullkomna líf riðlast?

Hörpu langaði til að það kæmi fram í þessari bók hvernig unga fólkið lifir sínu lífi í sveitinni. Djammsögur í Reykjavík eru ekki eins og í sveitinni, þótt í eðli sínu sé þetta bara djamm. Krakkar í sveitinni fara í náttúrulegar, á sveitaböllum o.s.frv. Harpa sagðist t.a.m. vera mikil áhugakona um þorablót, þar sem sveitin kemur öll saman. Að loknu skemmtilegu spjalli við Hörpu um bókina og sitthvað fleira var rætt um janúarfund, 10. janúar 2022, og ljóðakvöld.

Björg var með orð til umhugsunar. Desember er ekki bara jólamánuður í hennar fjölskyldu heldur líka afmælistími. Hún talaði um jólin og jólasíði. Hvernig siðir verða til í fjölskyldum og hvernig þeir endast. Björg er komin af miklum hannyrðakönum og formæður hennar settu alltaf drifhvít sængurver með útsaumi á rúmin fyrir jól. Nú eru þessi rúmföt farin að slitna og líklega leggst þessi siður af með tímanum. En hvernig hafði hún tíma í þetta allt með sex börn? Þá sló það Björgu að þessi tími sem móðir hennar notaði í þetta nota konur mögulega í dag í að horfa á sjónvarpið eða vera á samfélagsmiðlum. Hvað notum við tímann í? Hvernig er forgangsroðunin? Hana langaði að hún og hennar fjölskylda myndu skapa sínar eigin hefðir. Hún og Magnús, maðurinn hennar, sköpuðu hefð með aðventukertin. Fjölskyldan kveikti á þeim saman og ræddi um heiti þeirra og lásu jólasögu. Þessi siður hefur haldist hjá þeim. Það sem skiptir máli er að við finnum gleði í jólastússinu og njótum þess sem við höfum. Við þurfum að hafa í huga að aðstæður fólks eru mismunandi og þurfum að hugsa til þeirra sem minna mega sín. Björg las bókina Þegar Tröllu stal jólinum fyrir barnabarnið sitt eitt sinn og las upp úr þeirri bók: „Það varð ekki komið í veg fyrir jólin, þau voru þarna eins og sólin,“ og fleira sem lýsti því hvernig jólin koma alltaf burtséð frá öllu glingri og fjasi. Þau eru í hjartanu og stækka hjartað ef við hleypum gleðinni inn. Hún las annað ljóð um heilög jól og frið úr bókinni. Björg segist oft hafa lesið bókina en í hvert skipti komi hún henni á óvart.

Stjórnin fékk mikinn stuðning fyrir því að halda jólafundinn á skjánum þótt vissulega værum við allar svekktar að geta ekki hist í eigin persónu. Edda las að lokum ljóðið *Æðar* úr Eddu, ljóðabók Hörpu Rúnar og síðan var fundi slitið.